

# Eftirlætis barokk

.....  
FIMMTUDAGUR 23.02.12



---

Simone Kermes áritar geisladiska að tónleikunum loknum fyrir framan  
verslun 12 Tóna á jarðhæð.

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.  
Þeir verða síðan aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

Söngtextar eru a bls. 11.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

---

BORGUN



GAMMA

## EFTIRLÆTIS BAROKK

---

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 23. FEBRÚAR 2012 KL. 19.30

---

**Simone Kermes** einsöngvari

**Isabella Longo** einleikari og hljómsveitarstjóri

---

- Arcangelo Corelli*      *Concerto grosso í D-dúr, op. 6 nr. 4*  
                                 *Adagio – Allegro*  
                                 *Adagio*  
                                 *Vivace*  
                                 *Allegro*
- Antonio Vivaldi*      *Tra le follie... Siam navi all'onde algenti*  
                                 *söngles og aría úr L'Olimpiade*  
  
*Konsert í g-moll fyrir strengi og fylgibassa, RV 156*  
                                 *Allegro*  
                                 *Adagio*  
                                 *Allegro*
- Georg Friederich Händel* *Piangerò la sorte mia - aría úr Giulio Cesare*  
*Scherza in mar la navicella - aría úr Lotario*
- Hlé*
- Giuseppe Tartini*      „*A rivi, a fonti, a fiumi*“, úr fiðlukonserti í A-dúr  
                                 *Largo andante*
- Antonio Vivaldi*      *Gelido in ogni vena - aría úr Farnace*  
*Konsert í g-moll fyrir strengi og fylgibassa, RV 157*  
                                 *Allegro*  
                                 *Largo*  
                                 *Allegro*  
  
*Amato ben, tu sei la mia speranza - aría úr La verità in cimento*  
*Agitata da due venti - aría úr Griselda*

## **Isabella Longo**

*einleikari og hljómsveitarstjóri*



Ítalski fiðluleikarinn Isabella Longo útskrifaðist frá Buzzolla-tónlistarháskólanum í Adria, og hélt áfram námi á nútímafiðlu hjá Norbert Brainin, leiðara Amadeus-strengjakvartettsins. Hún skipti síðan yfir á barokkfiðlu og lærði hjá Elisabeth Wallfisch við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Longo hefur leikið með flestum helstu barokksveitum heims, meðal annars Europa Galante, Concerto Italiano, I Barocchisti og Modo Antiquo.

Hún hefur jafnframt komið fram í þekktum tónleikasölum og má þar nefna Concertgebouw í Amsterdam, Santa Cecilia í Rómaborg, Champs-Élysées-leikhúsið í París og Listaakademiuna í Madrid. Hún hefur hljóðritað fyrir franska, ítalska og breska útvarpið, og hefur leikið á geisladiskum sem gefnir hafa verið út af Sony, EMI, Virgin, Deutsche Harmonia Mundi, Opus 111, Naive og Naxos. Hún hlaut nýlega frönsku Choc de la Musique-verðlaunin fyrir disk með kvintettum eftir Luigi Boccherini, sem Brilliant-diskaforlagið gefur út.

**Enrico Casazza**  
*stjórnandi á æfingum*



Ítalski fiðluleikarinn Enrico Casazza lærði við tónlistarháskólann í heimaborg sinni, Adria. Hann stundaði framhaldsnám hjá barokkfiðluleikaranum Giuliano Carmignola og hlaut fyrstu verðlaun í tónlistarkeppninni í Ferrara árið 1985. Síðan hefur hann leikið undir stjórn flestra helstu barokkstjórnaenda heims, meðal annars Fabio Biondi, Rinaldo Alessandrini og Christopher Hogwood, og haldið tónleika með söngvurum á borð við Andreas Scholl, Sandrine Piau og Ian Bostridge. Hann hefur haldið einleikstónleika í flestum löndum Evrópu, og að auki í Bandaríkjunum, Suður-Ameríku, Ísrael, Japan og Nýja-Sjálandi.

Casazza hefur leikið inn á fjölda hljómdiska. Af þeim eru allmargir með hinni víðfrægu barokksveit Europa Galante undir stjórn Fabio Biondi, fyrir Opus 111 og EMI-útgáfunar. Einnig hefur hann hljóðritað fyrir Naxos og Denon. Casazza er dósent í barokk- og kammertónlist við Tónlistarháskólann í Adria og Trieste á milli þess sem hann heldur tónleika víða um heim.

## Simone Kermes

einsöngvari



Simone Kermes er ein eftirsóttasta barokksópransöngkona heims. Hún fæddist í Leipzig og nam söng við tónlistarháskólann þar. Hún hrepti fyrstu verðlaun í Mendelssohn-keppninni í Berlín og árið 1996 bar hún sigur úr býtum í Bach-keppninni í Leipzig. Hún hefur sungið fjölmörg hlutverk í óperuhúsum í New York, París, Moskvu, Kaupmannahöfn, og víða í Þýskalandi, og meðal helstu hlutverka má nefna Konstönsu í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, Næturdrottninguna í *Töfraflautunni* og Donnu Önnu í *Don Giovanni*. Þá hefur hún haldið einsöngstónleika í Carnegie Hall í New York, Tsjajkovskíj-salnum í Moskvu, Palau de la Música Catalana í Barcelona og Frúarkirkjunni í Dresden.

Kermes er samningsbundin hjá Sony Classical og hefur hlotið mikið lof fyrir hljómdiska sína. Diskurinn *Lava* kom út 2009 og á honum syngur hún óperuaríur frá Napólí, en á *Colori d'Amore* (2010) syngur hún aríur eftir Scarlatti og Caldara. Meðal verðlauna sem hafa fallið henni í skaut eru Echo-verðlaunin, verðlaun þýskra tónlistargagnrýnenda, Midem-verðlaunin, Choc le monde de la Musique og Diapason d'Or. Þá hafa *Lava* og *Colori d'Amore* verið valdir diskar mánaðarins hjá breska tónlistarblaðinu *Gramophone*.

## Eftirlætis barokk

Ítölsk tónskáld voru einkar áhrifamikil á barokktímanum, hvort sem var í verkum fyrir söngradir eða hljóðfæri. Í raun voru tveir stílar allsráðandi í evrópskri tónlist um 1700, sá ítalski og sá franski, og þeir voru að mörgu leyti andstæður. Frönsk tónlist var yfirveguð og tignarleg, en sú ítalska var ástríðufull og dramatísk. Á þessum tónleikum hljóma verk eftir þrjú einkar áhrifamikil ítölsk tónskáld og einn þýskan starfsbróður þeirra sem tileinkaði sér ítalska stílinn með eindæmum vel.

Síðustu áratugir 17. aldar voru eitt mesta gullaldarskeiðið í tónlistarsögu Rómaborgar. Að uppsveiflunni stóð menningarlega sinnað aðalsfólk og kirkjunnar menn – Kristína Svíadrottning, Ottoboni kardináli og Ruspoli markgreifi, sem öll stóðu fyrir tónleikum, pöntuðu ný verk og studdu efnilegt tónlistarfólk með ráðum og dáð. Af öllum tónlistarmönnum borgarinnar naut Arcangelo Corelli (1653–1713) mestrar hylli, bæði fyrir tónsmíðar sínar og fiðluleik. Hann skildi ekki eftir sig nema sex ópusa, og allt er það hljóðfæratónlist. *Concerto grosso* var form sem naut mikilla vinsælda um þetta leyti. Það er ekki konsert fyrir einleikshljóðfæri, heldur er hljómsveitinni skipt í lítinn sólistahóp (*concertino*) sem leikur á móti hljómsveitinni allri (*ripieno*). Form verkanna er dæmigert fyrir ítalska stofutónlist á þessum tíma, og í konsertinum sem hér hljómar eru fjórir þættir, hægir og hraðir til skiptis.

Antonio Vivaldi (1678–1741) á stærstan skerf á efnisskrá kvöldsins, og ekki að ósekju. Fáir höfðu jafnmikil áhrif á samtímamenn sína og hann; á áratugunum eftir að Corelli féll frá má segja að flest tónskáld Ítalíu, Þýskalands og Bretlands hafi að einhverju leyti reynt að laga sig eftir Vivaldi. Frægastur er hann auðvitað fyrir fiðlukonserta sína, en hann samdi einnig um 50 óperur. Fjölmargar þeirra hafa glatast í tímans rás, enda var Vivaldi nærri gleymdur allt frá því að hann lést og fram á miðja 20. öld. Hér hljóma ariur úr fjórum óperum Vivaldis, sem sýna vel þá breidd tilfinninga sem hann laðaði fram í tónlist sinni. Sú frægasta er

vafalaust rúsínan í pylsuendanum, *Agitata da due venti* úr óperunni *Griselda*, sem Vivaldi samdi undir lok ferils síns. Gualtiero konungur er í vanda staddur þar sem aðalsmenn í ríkinu vilja ekki samþykka að hann gangi að eiga almúgakonuna Griseldu. Hann setur því á svið heilmikinn leikþátt í þeim tilgangi að sanna að Griselda sé þess verðug að bera krúnuna; meðal annars tilkynnir hann að hann hyggist kvænast annarri, Costönzu (sem raunar er dóttir konungs en hefur verið týnd frá barnæsku). Sú elskar annan mann, og skyldi því engan undra að vesalings Costönzu þyki hún vera á valdi andstæðra tilfinninga rétt eins og sjómaður þarf að berjast við hinar ýmsu vindáttir.

Vivaldi samdi um 500 konserta og gátu þeir tekið á sig ýmsar myndir. Flestir eru fyrir einleikshljóðfæri og litla hljómsveit (eins og t.d. Árstíðirnar fjórar), og einnig eru allmargir fyrir tvo, þrjá eða fjóra einleikara. Um 60 eru þó hljómsveitarkonsertar þar sem allir hljóðfæraleikararnir taka jafnan þátt í því sem fram fer. Þannig er með tvo konserta í g-moll sem hljóma í kvöld. Þeir eru svipaðir í formi, þríþátta verk með hröðum ytri köflum sem ramma inn angurværan hægan þátt.

Við fyrstu sýn kann að virðast sem sem hinn þýski Georg Friederich Händel (1685–1759) eigi illa heima í tónskáldahópi kvöldsins, en Händel gat samið ítalska tónlist jafnvel og innfæddir, ef ekki betur. Hann fæddist í Halle og fyrsta ópera hans var frumflutt í Hamborg árið 1705, þegar hann stóð á tvítugu. Í Hamborg kynntist Händel erkihertoganum Gian Gastone de Medici, og hélt suður á bóginn ári síðar. Hann dvaldist á Ítalíu í fjögur ár, samdi kantötur og óratoríur fyrir kardinála í Róm og óperur fyrir Flórens og Feneyjar. Þegar hann sneri aftur til Þýskalands 1710 hafði hann náð fullkomnum tókum á ítalska stílnum, eins og glögggt má sjá í óperunum sem hann samdi eftir að hann fluttist til Lundúna nokkru síðar.

*Giulio Cesare in Egitto* (Júlíus Sesar í Egyptalandi, 1724) var ein vinsælasta ópera



Händels á sinni tíð – hún var færð upp í Lundúnum, Hamborg og París við mikinn fögnuð – og enn í dag eru margir þeirrar skoðunar að hún sé ein besta barokkópera sem til er. *Piangerò la sorte mia* er aría Kleópötru úr þriðja þætti. Hún hefur verið tekin til fanga og hefur af því miklar áhyggjur að ástmaður hennar, Sesar, hafi verið drepinn.

Fimm árum síðar var Händel enn við sama heygarðshornið, að kynna ítalska óperu fyrir Englendingum. Hann hafði fengið til liðs við sig bestu söngvara sem fánlegir voru á meginlandinu, en þrátt fyrir það naut *Lotario* (1729) ekki þeirra vinsælda sem hann hafði vonast eftir. Arían sem Adelaida syngur í fyrsta þætti er þó sérlega vel heppnuð; hún er ekkja Ítalíukonungs en fær ekki að syrgja í friði. Illmennið Berengar hyggst þvinga hana til að giftast syni sínum og tryggja afkomendum sínum þannig yfirráð yfir Ítalíu.

Giuseppe Tartini (1692–1770) fæddist í Piran í Slóveníu, sem í þá daga var hluti af veldi Feneyja. Hann lærði tónlist sem barn en stundaði lögfræðinám í Padúa um skeið. Þegar hann loks ákvað að helga sig tónlistinni náði hann feiknagóðum tókum á fiðlunni á skömmum tíma. Hann samdi fjölmörg virtúósaverk, og hans er í dag helst minnst fyrir sönötu fyrir einleiksfiðlu sem hefur viðurnefnið *Djöflatrillan*. Trillurnar í þeirri tónsmíð þóttu ekki fyrir mennskan mann að spila, enda komst sá kvittur fljótt á kreik að ef Tartini væri ekki í félagi með djöflinum hlyti hann að minnsta kosti að hafa sex fingur á vinstri hendi. Tartini hlaut stöðu konsertmeistara við basíliku heilags Antoníusar í Padúa árið 1721 og gegndi því starfi til æviloka. Af samningi hans við kirkjuna má sjá að hann var í miklum metum; hann þurfti ekki að gangast undir próf til að fá stöðuna, og hann mátti fara í tónleikaferðir og leika í óperuhljómsveitinni hvenær sem honum þóknaðist.

Tónsmíðar Tartinis eru svo að segja eingöngu fyrir hans eigið hljóðfæri, annars vegar fiðlukonsertar og hins vegar sönötur. Kaflinn sem hér heyrir var eins konar

viðbót við fiðlukonsert sem Tartini var ekki fyllilega ánægður með. Hann skipti því hæga kaflanum út fyrir nýjan, sem er einhver sú áhrifamesta tónlist sem hann festi nokkru sinni á blað. Tartini lætur tilvitnun í óperuskáldið Metastasio fylgja tónlistinni: *A rivi, a fonti, a fiumi correte, amare lagrime, sin tanto che consumi l'acerbo mio dolor* („Í lækjum, í brunnum og í ám renna bitur tár, allt þar til mín sára kvöl er uppurin.“)

### **ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON**

## Söngtextar

### Siam navi all'onde argenti Úr „L'Olimpiade“

Aminta:

Tra le follie diverse,  
de quai ripieno è il mondo  
chi può negar, che la follia maggiore  
in ciascuno non sia quella d'amore?

Siam navi all'onde argenti  
laschiate in abbandono;  
impetuosi venti  
i nostri affetti sono;  
ogni diletto è scoglio:  
tutta la vita è un mar.  
Ben qual nocchiero in noi  
veglia ragion; ma poi  
pur dall'ondoso orgoglio  
si lascia trasportar.

### Vér erum skip Úr „Ólympiuleikunum“

Aminta:

Af öllum þeim aðskiljanlegu heimskupörum  
sem veröldin er uppfull af,  
hver getur neitað, að mesta heimskuparið  
hjá hverjum og einum sé ástin?

Vér erum skip sem hafa verið gefin  
ísköldum öldunum á vald;  
tilfinningar vorar eru  
fljótráðir vindar;  
allar lystisemdir eru blindsker,  
allt lífið er hafsjór.  
Eins og stýrimaður vakir  
skynsemin í oss; en svo  
lætur hún einnig berast á braut  
á öldum oflætisins.

Árútexti eftir Pietro Metastasio

[Antonio Domenico Bonaventura Trepassi]

Textahöfundur að sönglesi óþekktur

**Piangerò la sorte mia**  
**Úr „Giulio Cesare in Egitto“**

Cleopatra:

E pur così in un giorno,  
perdo fasti e grandezze?  
Ahi fato rio! Cesare,  
il mio bel nume, è forse estinto;  
Cornelia e Sesto inermi son,  
nè sanno darmi soccorso.  
Oh Dio! non resta alcuna speme  
al viver mio?

Piangerò la sorte mia,  
sì crudele e tanto ria,  
finchè vita in petto avrò.  
Mà poi morta d'ogn' intorno,  
il tiranno e notte e giorno,  
fatta spettro agiterò.

Nicola Minato og Silvio Stampiglia

**Scherza in mar la navicella**  
**Úr „Lotario“**

Adelaide:

Quanto più fien tenaci  
le catene onde avvinto

**Ég græt örlög mín**  
**Úr „Július Cæsar í Egyptalandi“**

Kleópatra:

Og á ég einnig á einum degi  
að glata vegsemd og virðingu?  
Æ illu örlög! Cæsar,  
átrúnaðargoð mitt, er kannski látinn;  
Cornelia og Sextus eru afvopnuð,  
þau geta ekki veitt mér liðsinni.  
Ó guð! er engin von til  
að ég megi lifa?

Ég græt örlög mín,  
svo grimm og illskeytt.  
meðan ég ber líf í brjósti.  
En þegar ég er dauð skal ég  
ásækja harðstjórann orðin að vofu  
úr öllum áttum á nóttu sem degi.

**Bátskelin leikur sér á hafinu**  
**Úr „Lótarió“**

Adelaide:

Því fastheldnari sem  
þær keðjur eru sem grimmd annarra

dell'altrui crudeltà sarà il mio piede,  
vie più care saranno all'alma mia,  
e il carcere più grato ancor mi fia.

Scherza in mar la navicella

Mentre ride aura seconda:  
ma se poi fiera procella  
turba il Ciel, sconvolge l'onda  
va perduta a naufragar.

Non così questo mio core

cederà d'un'empia sorte  
allo sdegno, ed al furore,  
ché per anco in faccia a morte  
sà da grande trionfar.

Scherza in mar, etc.

Matteo Noris

### **Gelido in ogni vena Úr „Farnace“**

Farnace:

Gelido in ogni vena  
scorrer mi sento il sangue,  
l'ombra del figlio esangue  
m'ingombra di terror.

hefur bundið fætur mína með,  
á því fleiri vegu verða þær kærar sálu minni,  
og dýflissan verðum mér því geðfelldari.

Bátskelin leikur sér á hafinu

meðan þægilegir vindar brosa:  
en ef svo trylltur stormur  
skekur himinhvolfið, yfir öldurnar,  
þá ferst hún í skipbroti.

En hjarta mitt skal ekki gefast

þannig upp fyrir fyrirlitningu og heift  
óguðlegra örlaga,  
því að frá þessum degi getur það hrósað  
sigri af mikilleik andspænis dauðanum.

Bátskelin leikur, o. s. frv.

### **Ískalt finn ég blóðið streyma Úr „Farnace“**

Farnace:

Ískalt finn ég blóðið streyma  
um allar æðar mínar,  
skuggi lífvana sonar míns  
íþyngir mér með skelfingu.

E per maggior mia pena  
vedo che fui crudele  
a un'anima innocente,  
al core del mio cor.

Pietro Metastasio

[Antonio Domenico Bonaventura Trepassi]

Og til að auka kvöl mína  
sé ég að ég var grimmur  
við saklausa sál,  
við hjarta hjarta míns.

### **Agitata da due venti** **Úr „Griselda“**

Costanza:

Agitata da due venti,  
freme l'onda in mar turbato  
e'l nocchiero spaventato  
già s'aspetta a naufragar.

Dal dovere, e dall'amore  
combattuto questo core  
non resiste; e par che ceda,  
e incominci a desperar.

Apostolo Zeno orti uppúr sögu eftir  
Giovanni Boccaccio;  
Carlo Goldoni endurskoðaði

### **Espuð af tveimur vindum** **Úr „Griseldu“**

Costanza:

Espuð af tveimur vindum  
ólmast bylgjan í úfnu hafi  
og skelfingu lostinn stýrimaðurinn  
er farinn að búast við skipbroti.

Þetta hjarta, ásótt jafnt  
af skyldu sem af ást,  
fær ei varist; og virðist guggna,  
og byrja að örvænta.

Textabýðing: Reynir Axelsson



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



**BORGUN**

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • [www.borgun.is](http://www.borgun.is)



## **Tectonics tónlistarhátíð 1. - 3. mars**

*Nýir og spennandi straumar í Hörpu*

Áhugamenn um nýja og spennandi tónlist ættu að taka frá dagana 1. til 3. mars en þá hleypir Sinfóníuhljómsveit Íslands nýrri tónlistarhátíð af stokkunum í Hörpu. Á þremur dögum verður boðið upp á ótal tónleika í hinum ýmsu rýmum Hörpu þar sem leiða saman hesta sína Sinfóníuhljómsveit Íslands og ungir íslenskir tónlistarmenn úr raf- og spunageiranum. Auk þess stíga á stökk þekktir erlendir tónlistarmann úr heimi samtímatónlistar, þeirra á meðal breski píanóleikarinn John Tilbury, einn virtasti túlkandi heims á sviði nýrrar og nýlegrar píanótónlistar, sem og ástralski tónlistarmaðurinn Oren Ambarchi.

Tvö tónskáld verða í brennidepli, annars vegar Bandaríkjamaðurinn John Cage, en í ár eru hundrað ár liðin frá fæðingu hans, og hins vegar Magnús Blöndal Jóhannsson, helsti frumkvöðull íslenskrar raftónlistar.

Á meðal íslenskra tónlistarmanna sem koma fram, ýmist einir sér, eða með Sinfóníuhljómsveit Íslands, má nefna hljómsveitirnar Stilluppsteypu og Reptilicus, píanóleikarana Davíð Þór Jónsson og Tinnu Þorsteinsdóttur, tónlistarhópin S.L.Á.T.U.R, Dag Kára Pétursson, Þórönnu Björnsdóttur, Kristínu Önnu Valtýsdóttur og myndlistarmanninn Ragnar Kjartansson en hann flytur einsöngsverk eftir John Cage.

Þrennir tónleikar verða helgaðir tónlist Magnúsar Blöndals, þar af einir þar sem tónlist Magnúsar verður sett í nýtt samhengi. Á þeim hljóma fjögur glæný verk, innblásin af tónlist hans og pöntuð sérstaklega fyrir tilefnið. Tónskáldin eru: Kira Kira, Ríkharður H. Friðriksson og Auxpan.

Meðal annars verður boðið upp á tónlist eftir bandarísku tónskáldin Christian Wolff og Morton Feldman, Alvin Lucier og Luciano Berio, sýnd verður kvikmynd um Magnús Blöndal Jóhannsson, Skólahljómsveit Kópavogs og Brassband bjóða upp á tónleika í anddyri Hörpu.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Tectonics verður árviss viðburður, en vorið 2013 mun hátíðin verða haldin bæði í Reykjavík og Glasgow í samvinnu við BBC Scottish Symphony Orchestra.

Hátíðarpassi sem gildir á alla viðburði í þessa þrjá daga kostar 5.000 kr. en stakir dagpassar kosta 2.500 kr.



Þér við sælusæti bjóðum  
með sinfónískum töfrahljóðum.  
Slíka gjöf má gjarnan þiggja  
á gleðina mun ekkert skyggja.  
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

23. febrúar

## 1. FIÐLA

Sif Tulinius  
Pálína Árnadóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Lin Wei

## 2. FIÐLA

Greta Guðnadóttir  
Christian Diethard  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Lilja Hjaltadóttir

## VÍÓLA

Sarah Buckley  
Guðrún Hrunn Harðardóttir  
Svava Bernharðsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Hávarður Tryggvason

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

## FAGOTT

Brjánn Ingason


## SEMBAL

Guðrún Óskarsdóttir

## THEORBA

Snorri Örn Snorrason

# KOLABRAUTIN RESTAURANT



*Íslenskt hráefni.  
Hefðir miðjarðarhafsins.*

**Við bjóðum upp á  
tónleikamatseðil þegar  
Sinfóníuhljómsveitin spilar.**

Kolabrautin er  
á 4ðu hæð Hörpu

Borðapantanir 519 9700

[info@kolabrautin.is](mailto:info@kolabrautin.is)  
[www.kolabrautin.is](http://www.kolabrautin.is)



# TECTONICS

1. — 2. — 3. MARS

## Tónlistar hátíð

*Ilan Volkov, aðalstjórnandi  
Sinfóníuhljómsveitarinnar, mun  
stýra nýrri árlegri tónlistarhátíð  
í Hörpu sem verður helguð nýrri  
tónlist, bæði innlendri og erlendri, í  
samstarfi við tónlistarmenn úr ýmsum  
áttum. Hátíðin er spennandi viðbót við  
fjölbreytta tónleikafloru landsins.*

*Tveir frumkvöðlar í tónsköpun 20. aldar  
eru í forgrunni fyrstu hátíðarinnar:  
John Cage og Magnús Blöndal Jóhannsson.*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

[WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM](http://WWW.TECTONICSFESTIVAL.COM)